



Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudaginn 15. apríl 2025



Annar fundur 68. stjórnar HSI var haldinn í á skrifstofu HSI, þriðjudaginn 15. apríl 2025 kl. 16.30.

Mætt voru: Jón Halldórsson, Ásgeir Jónsson, Ásgeir Sveinsson, Bjarni Ákason, Guðríður Guðjónsdóttir, Haddur Stefánsson, Harpa Vífilisdóttir, Helga Birna Brynjólfisdóttir, Inga Lilja Lárusdóttir, Kristín Þórðardóttir, Ólafur Örn Haraldsson og Sigurborg Kristinsdóttir. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSI sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Engin

Fjarverandi: Engin

Þetta gerðist:

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Skýrsla framkvæmdastjóra og formanns
 - a. Landsleikir gegn Ísrael
JH rakti atburðarrás síðustu viku en mikið álag var í kringum leikina við Ísrael. HSI fékk mjög góða hjálp frá Aton í aðdraganda leikjanna og framyfir viðburðina. JH og ÁJ munu funda með Rapyd á morgun til að fara yfir stöðuna varðandi samstarfssamning HSI og Rapyd.
 - b. Áherslur nýrrar stjórnar
JH kynnti þær áherslur sem hann setti fram við framboð sitt til formanns. Eitt af stóru markmiðunum að er virkja fólk í kringum okkur og setja skýr mælanleg markmið næstu 2 árin. Boðaður verður „þjóðfundar“ 3. maí það sem aðilar frá öllum félögum verða kallaðir að borðinu sem og formannafundir og þjálfarafundir verða skilgreindir í dagatali fyrir tímabilið. Skipuð verður fjárhagsnefnd til að fara yfir rekstur HSI sem og markaðsnefnd til að fjölga styrktaraðilum og efla samskipti við núverandi styrktaraðila. Útbúa þarf einnig sjónvarpsnefnd til að funda varðandi hvar við viljum sjá útsendingarmál í framtíðinni. Þá þarf einnig að útbúa afrekssvið HSI sem mun móta afreksstefnu HSI til framtíðar. Senda þarf einnig út fyrirspurn á félögin varðandi hvort eigi að endurvekja lokahóf HSI.
 - c. Ákveða verklag stjórnar
Varðandi verklag stjórnar mun JH vera í sambandi við nefndarformenn varðandi skipun nefnda.
 - d. Verkefnin framundan
RG kynntu þau verkefni sem eru framundan og ber þar hæst landsleikir hjá A landsliði karla, evrópuleikir hjá Val ásamt úrslitakeppnum hér innan lands.
3. Val í yngri landsliði
Ræddar voru forsendur þegar valið er í yngri landsliði HSI.
4. Verðlaunaafhendingar og úrslitakeppnir
Stjórn HSI mun skipta með sér verðlaunaafhendingum yngri landsliða.
5. Starfsmannahald
Skoða þarf uppbyggingu skrifstofu HSI og mun stjórn HSI vinna að því.
6. Önnur mál
RG kynnti drög af nýrri heimasíðu.



Fleira var ekki gert og var fundi slitið.

Róbert Geir Gíslason, fundarritari